

Ed.

310. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að annast um útgáfu
hentngra skólabóka.

Vér, sem kosnir vorum af hinni háttvirtu deild til þess að láta upp álit vort um þetta mál, erum einhuga á því að brýna nauðsyn beri til þess að bæta sem allra fyrst úr hinum tilfinnanlega skorti, sem nú er, á góðum íslenskum kenslubókum. Beinustu og greiðustu leiðina til þessa teljum vér þá, að skipuð sé nefnd manna, er annist um að samdar séu og gefnar út góðar, velritaðar skólabækur eins og tillagan fer fram á. Ætlumst vér til að nefnd þessi sé skipuð skólafróðum mönnum er hafi sérþekkingu í hinum ýmsu fræðigreinum, sem kendar eru í skólum vorum. Sérstaklega er áriðandi að sem flestir nefndar manna séu vel að sér í íslenzku og hafi næman smekk fyrir góðu máli. Því vér teljum það miklu máli skifta, að skólabækur allar séu ritaðar á hreinu og fögru máli.

Nefndinni ætlum vér að taka til yfirvegunar, hvaða bækur þurfi nauðsynlega að rita. Þegar hún er orðin ásátt um það, útvegar hún menn til að rita þær. Lætur hún auðvitað þær bækurnar sitja í fyrirrúmi, sem sízt má án vera, og færir menn fást til að semja. Höfundarnir senda svo handrit sín til nefndarinnar. Hún yfir fer handritin og gerir við þau athugasemdir eftir þörfum. Þegar handritin eru orðin svo vel úr garði gerð, sem frekast er auðið, sér nefndin um útgáfu bókana. Yrði það að líkindum venjulegast á þann hátt að hún fengi einhverjum útgáfuréttian ókeypis eða gegn einhverju gjaldi, eftir því hve bókin væri útgengileg. Búast má við að styrkja þurfi útgáfu sumra bókana, t. d. náttúrfræðis og landafræðisbóka, sem þurfa að vera með mörgum og góðum myndum. Nefndin ákveður hve há ritlaun skulu góðin fyrir hvert handrit og ætlumst vér til að ritlannin séu alt að 45 kr. fyrir hverja prentaða örk. Bækur þær, sem ót koma frá nefndinni, teljum vér sjálfsagt að verði lögskipaðar kenslubækur í hinum æðri mentaskólum landsins. Upplagið af hverri bók setti ekki að vera mjög stórt, því skólabækur úreldast tiltölulega fljótt. Auðvitað hefir það nokkurn kostnað í för með sér, að gefa oft út sömu bókina

í endurbættum og breyttum útgáfum, eftir því sem þarfir tímans krefjast, en það ætti fylgilega að svara kostnaði.

Einu af oss nefndarmönnum hefir haldið því fram, að æskilegt væri að nefnd þessi hefði einnig eftirlit með útgáfu kennslubóka fyrir barnaskóla og unglingskóla og höfum vér fallist á að gera það að tillögu nefndarinnar. Ekki seltumst vé þó, til að skólaáskrifendin gengist fyrir því, að þessar bækur verði ritaðar. Teljum vér þess ekki þörf fyrir þá sök, að það er miklu arðvænlegra að gefa út þessar bækur, en kennslubækur handa söðri skólunum. Ætti það eitt að vera mönnum nægileg hvöt til þess að gefa út þessar bækur, ekki sést ef þeir fengju einhvern styrk til þess af opinberu fé. En vilji mennu fá bók löggilta sem kennslubók við barna og unglingsfræðslu, ætti það að vera bundið því skilyrði að kennslubókanefndin veitti því eindregin meðmæli sín. Mundi þá svo fara, að út gefendum þessara bóka þætti vissara að leita álits nefndarinnar um bækurnar áður en þær væru prentaðar. Þeir mundu ekki vilja eiga það á hættu að nefndin lýti bókina óþess efnis á. Yrði þetta til þess, þegar tímar liðu, að koma í veg fyrir að óþessar kennslubækur yrðu útgefnar og notaðar í hinum lægri skólum vorum, og yfirleitt við barnafræðslu. Í sambandi við þetta skal þess getið, að vér teljum nálega sjálfsagt að umsjónarmáður fræðslumálanna eigi sæti í nefndinni.

Loks skulum vér geta þess, að vér teljum æskilegt að nefnd þessi starfi fyrst um sinn um allhangt árabíl. Stjórnarráðið gefur henni að sjálfsögðu erindiabréf, og ætti það að vera á valdi þess, til hve langs tíma nefndin yrði skipuð.

Skulum vér ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en leggjum til að tillagan verði orðuð á þennan veg:

Alþingi ályktar, að fela stjórninni, að skipa 5 manna nefnd, er annast um að samdar verði og gefnar út hentugar, íslenskar skólabækur á vönduðu máli fyrir söðri menta skóla landsins. Nefnd þessi hafi og eftirlit með útgáfu kennslubóka þeirra, er notaðar eru við barna og unglingsfræðslu.

Efri deild alþingis 18. marz 1909.

Jósef Björnsson

Stefán Stefánsson

form.

skrifari og fransögnum.

Kristinn Daníelsson.